



Kennari: Sigrún Ína Ásbergsdóttir

Skammstöfun: SIA

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um nánasta umhverfi skjólstæðinga á heilbrigðisstofnunum og heimili þeirra eins og sjúkrarúmið, sjúkrastofuna og ýmis hjálpartæki. Fjallað er um persónulegar þarfir skjólstæðinga og leiðir til að mæta þeim. Fjallað er um fylgikvilla rúmlegu, mælingar og mat á lífsmörkum og skráningu þeirra, þar með talið öndunaraðstoð og súrefnisgjöf. Fjallað er um hreinlæti, smitgát, sýnatökur og frágang sýna. Áfanginn er að mestu verklegur.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi þess að virða persónuleg mörk og persónulegt rými skjólstæðings.
- Nánasta umhverfi skjólstæðings miðað við aðstæður hans hverju sinni.
- Mismunandi legu skjólstæðings í rúmi.
- Mikilvægi líkamlegs hreinlætis og tannhirðu.
- Mikilvægi næringarinntektar og úrgangslösu.
- Mikilvægi hreinlætis, smitgátar og smitgátarvinnubragða.
- Umgengni við æðaleggi, súrefnisleggi, þvagleggi og þvagpoka.
- Framkvæmd sýnatöku.
- Mikilvægi lífsmarkamælinga.
- Persónulegum hjálpartækjum skjólstæðinga og umhirðu þeirra.
- Meðhöndlun hjúkrunargagna.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita mismunandi aðferðum til þess að hagræða skjólstæðingi.
- Umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu.
- Undirbúa nánasta umhverfi skjólstæðings fyrir komu.
- Búa um skjólstæðing í mismunandi aðstæðum.
- Aðstoða skjólstæðing við að nota hjálpartæki.
- Nota viðeigandi aðferðir við sýnatökur og frágang sýna.
- Undirbúa, framkvæma og skrá lífsmarkamælingar.
- Aðstoða skjólstæðing við tannhirðu og persónulegt hreinlæti.
- Undirbúa og aðstoða skjólstæðing við að matast og skrá næringarinntekt.
- Skrá útskilnað úrgangsefna.
- Farga hjúkrunargögnum á viðeigandi hátt.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Umgangast sjúkrastofuna og umhverfi sjúklings á viðeigandi hátt.
- Annast daglegan umbúnað sjúkrarúms með og án skjólstæðings við mismunandi aðstæður.
- Undirbúa og veita skjólstæðingi persónulega aðhlyningu.
- Fylgjast með, meta og skrá næringarinntekt skjólstæðings.
- Fylgjast með, meta og skrá útskilnað úrgangsefna.
- Fylgjast með, meta og skrá lífsmörk skjólstæðings.
- Sýna lífsgildum skjólstæðings virðingu.
- Sýna umhyggju í samskiptum skjólstæðinga, aðstandenda og samstarfsfólks.
- Meta athafnir daglegs lífs og bregðast við þeim.
- Proska með sér jákvætt viðhorf til sjúkraliða.

Námsefni:

Efni frá kennara, verklegar æfingar – gestakennarar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika: Viðfangsefni:

1. Umbúnaður.
2. Umbúnaður með skjólstæðing í rúmi og snúa í rúmi.
3. Skipt um lak og snúningslak frá hlið.
4. Hjálpa skjólstæðingi fram úr rúmi og aftur upp í.
5. Skipt um lak frá höfðalagi.
6. Hárþvottur í rúmi/setja rúllur í hár.
7. Hárþvottur í rúmi/setja rúllur í hár.
8. Fótabað í rúmi.
9. ADL – morgunverkin.
Neðanþvottur.
10. Rúmböðun og handklæðaböðun.
11. Tann- og munnhreinsun.
Ýmis lyftitækni tekin fyrir.
Ýmsar legustellingar.
12. Nudd.
13. Sótthreinsun. Steril/hrein vinnubrögð.
Ungbörn.
Stólpípa og klysmi.
14. Æfingarvika.
15. Verklegt próf.

Þetta er það helsta sem tekið verður fyrir, kennari áskilur sér rétt til breytinga:

- Verkefni dagsins kynnt.
- Verklegr æfing framkvæmd.
- Umræður. Nemandi skrifar niður punkta.

Sérreglur áfangans:

100% mæting. Við mætum á réttum tíma og það er nauðsynlegt að allir mæti, það þarf þrjá nemendur á hvert rúm til að gera æfinguna vel. Hver og einn nemandi skiptir máli.

Utanaðkomandi prófdómari verður í verklega prófinu.

Námsmat:

Verklegr lokapróf, vinnubók og 100% mæting.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.